

Ár 2022, fimmtudaginn 2. júní er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Björgu Ástu Þórðardóttur, Helga R. Magnússyni og Þresti Ríkharðssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 6/2022:

Framkvæmdastjóri KSÍ
gegn
Knattspyrnudeild Aftureldingar

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Aðilar máls:

Kærandi:
Framkvæmdastjóri KSÍ
Klara Bjartmarz

Kærði:
Knattspyrnudeild Aftureldingar
Fyrirsvarsmaður: Erla Eiríksdóttir

II.

Málsatvik:

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 31. maí 2022 var tekin fyrir greinargerð sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar þann 23. maí 2022., skv. 20. gr. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Fram kemur í greinargerð framkvæmdastjóra að málið varði meint ósæmileg opinber ummæli Alexanders Arons Davorssonar þjálfara Aftureldingar í mfl. kvenna., í viðtali sem birtist á vefmiðlunum Fótolti.net, þann 18. maí 2022. Var um að ræða opinber ummæli sem eru að mati framkvæmdastjóra KSÍ til þess fallin að skaða ímynd íslenskrar knattspyrnu og með þeim hafi verið vegið að heiðarleika dómarateymis í leik Aftureldingar og Stjörunnar í Bestu deild kvenna, þann 18. Maí sl.

Ummæli sem vitnað er til í greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ eru eftirfarandi:

„Mér finnst ekkert svekkjandi að tapa fótboltaleikjum, mér finnst það ekki. En mér finnst svekkjandi þegar að þriðja liðið á vellinum hefur svona stór áhrif á það. Það finnst mér svekkjandi og þeir eru fjórir sem geta horft á þetta. Þetta sést langar leiðir á bekkinn hjá okkur. Það er leiðinlegt að tapa þegar maður tapar þegar þriðja liðið á í hlut,“ sagði Alexander.“

Í samræmi við grein 20.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál ber að fara með mál, sem framkvæmdastjóri KSÍ vísar til nefndarinnar á grundvelli 20. greinar, eins og um kærúmál sé að ræða. Greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ var því send til knattspyrnudeildar Aftureldingar og félaginu gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum í málinu á framfæri við nefndina fyrir kl. 16:00 mánudaginn 30. maí 2022.

Á fundi nefndarinnar 31. maí 2022 lá fyrir greinargerð sem barst nefndinni þann sama dag frá framkvæmdastjóra Aftureldingar og formanni meistaraflokksráðs kvenna hjá Aftureldingu. Í greinargerðinni kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Því skal haldið til haga að það er ekki mat meistaraflokksráðs Aftureldingar að dómari leiksins hafi viljandi reynt að hafa áhrif á úrslit leiksins heldur hafði hvorki þá nauðsynlegu reynslu né gæði til þess að taka stóra ákvörðun á loka mínútum leiksins. [...]

Efrýnt er í orð Alexander þá segir hann “...stór áhrif á það”. Með þessum orðum vísar hann í umdeilt atvik sem átti sér stað í öðru marki Stjórnunnar. Þar fer leikmaður Stjórnunnar með höndina í andlit markmanns Aftureldingar Auðar Sveinbjörugsdóttur Scheving er boltinn stefnir beint í átt að henni. Bolti sem hún myndi auðveldlega grípa enda laus skalli beint á hana, en þar sem hún fær höndina í andlitið þá missir hún af boltanum og úr verður annað mark Stjórnunnar. Reyndari dómari hefði að öllum líkindum tekið betri ákvörðun um þetta atvik enda voru allir sammála eftir leik hvort sem það var þjálfarateymi Stjórnunnar eða leikmenn að þarna var skýrt og óumdeilanlegt brot. [...]

Það er mat meistaraflokksráð kvenna hjá Aftureldingu að ætli KSÍ að beita sér vegna ummæla Alexanders þá séu jafnframt fleiri ummæli sem fram hafa komið opinberlega sem beri einnig að skoða, t.d. ummæli Kristjáns Guðmundssonar og auk fjölda annarra ummæla eftir leiki undanfarnar vikur sem þarf að skoða til að fylgja fordæmi þess að kæra Alexander Aron Davorsson þjálfara Aftureldingar.“

III.

Niðurstaða:

Aga- og úrskurðarnefnd hefur yfirfarið öll fyrirliggjandi gögn málsins. Fyrir liggur að taka þarf afstöðu til þess hvort framkoma þjálfara mfl. kvenna hjá Aftureldingu, Alexanders Arons Davorssonar, sem vitnað er til í greinargerð frá framkvæmdastjóra KSÍ, dags. 23. maí sl., falli undir ákvæði 20. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Framkvæmdastjóra KSÍ er heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar atvikum sem skaðað geta ímynd knattspyrnunnar eða þeirra sem þátt taka í leiknum. Slík atvik hafa þá ekki komið fram í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanns á leiknum en geta verið hvers kyns ósæmleg framkoma á leikstað eða á annan hátt opinberlega.“

Það er mat aga- og úrskurðarnefndar að 20. grein reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál verði aðeins túlkuð á þann veg að þar heyrir undir hvers kyns ósæmileg atvik sem skaðað geta ímynd knattspyrnunnar eða þeirra sem taka þátt í leiknum. Sé það mat aga- og úrskurðarnefndar að atvik það sem kært er falli undir 20. grein, þá skuli nefndin beita viðurlögum skv. grein 12.9.e). Ákvæðið er er svohljóðandi:

Brot skv. tilkynningu framkvæmdastjóra KSÍ sbr. 20. grein hefur í för með sér refsingu eftir eðli brotsins, sekt að fjárhæð kr. 200.000 en þó ekki lægri en kr. 50.000 og/eða leikbann í tiltekinn fjölda leikja eða tímabundið.

Svo nefndin úrskurði að atvik falli undir 20. grein verður að telja víst, að mati nefndarinnar, að háttsemi falli undir lýsingu ákvæðisins. Að því virtu og öðrum fyrirbyggjandi gögnum er það álit aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að tilvitnuð opinber ummæli Alexanders Arons Davorssonar hafi ekki verið ósæmileg og hafi ekki skaðað ímynd íslenskrar knattspyrnu. Ríkar kröfur verði að gera til þess að fella háttsemi undir 20. grein og verður ákvæðinu ekki beitt nema skilyrði þess séu ótvírætt uppfyllt eða háttsemin falli ótvírætt undir verknaðarlýsingu ákvæðisins. Því ákvað aga- og úrskurðarnefnd, á fundi sínum þann 31. maí 2022, að beita ekki viðurlögum skv. grein 12.9.e) vegna framangreindra opinberra ummæla Alexanders Arons.

IV.

Úrskurðarorð:

Knattspyrnudeild Aftureldingar skal ekki sæta viðurlögum vegna ummæla þjálfara Aftureldingar í mfl. kvenna sem vísað er til í greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ, dags. 23. maí 2022.

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 16.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Björg Ásta Þórðardóttir [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]

Þröstur Ríkharðsson [sign]